

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2014/EES/73/78

frá 23. janúar 2009

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 725/2004 að því er varðar kerfi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar fyrir einkvæm auðkennisnúmer fyrirtækja og skráðra eigenda

(tilkynnt með númeri C(2009) 148)

(2009/83/EB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 725/2004 frá 31. mars 2004 um að efla vernd skipa og hafnaraðstöðu⁽¹⁾, einkum 1. og 2. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð (EB) nr. 725/2004 voru samþykktar viðeigandi ráðstafanir á sviði stefnu um sjóflutninga, þar sem settir voru sameiginlegir staðlar um túlkun, framkvæmd á og eftirlit innan Bandalagsins með breytingum á alþjóðasamningnum um öryggi mannlífa á hafinu frá 1974 (SOLAS-samþykktinni) og alþjóðakóðanum um vernd skipa og hafnaraðstöðu (ISPS-kóðanum) sem voru samþykktir á ráðstefnu stjórnarindreka Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) 12. desember 2002.

2) Kröfurnar sem mynda A-hluta ISPS-kóðans, sem urðu lögboðnar samkvæmt kafla XI-2 í viðaukanum við SOLAS-samþykktina, fylgja sem II. viðauki við reglugerð (EB) nr. 725/2004.

3) Alþjóðasiglingamálastofnunin samþykkti 20. maí 2005 ályktun siglingaöryggisnefndarinnar (MSC) nr. 196(80) um breytingu á ISPS-kóðanum með tilliti til lögbodinna krafna varðandi ákvæði kafla XI-2 í viðaukanum við SOLAS-samþykktina, sem mynda A-hluta þess kóða. Því skal uppfærð útgáfa gildandi alþjóðlegra gerninga, sem um getur í 2. gr. í reglugerð (EB) nr. 725/2004, innihalda breytingar á ISPS-kóðanum.

4) Alþjóðasiglingamálastofnunin hefur samþykkt breytingarnar á ISPS-kóðanum sem ráðstöfun til þess að efla siglingaöryggi, siglingavernd og umhverfisvernd og auðvelda varnir gegn sviksamlegri starfsemi á sviði siglinga. Málsmeðferð fyrir samræmisathugun, sem kveðið var á um í 5. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 725/2004, skal ekki gilda að því er varðar skip sem veita þjónustu innanlands og hafnaraðstöðu, sem þjónar þeim, þar sem breytingar á ISPS-kóðanum, sem voru samþykktar með ályktun siglingaöryggisnefndarinnar nr. 196(80), innihalda tæknilega uppfærslu á ákvæðum ISPS-kóðans.

5) Þessi málsmeðferð fyrir samræmisathugun skal ekki gilda með tilliti til alþjóðasjóflutninga þar sem ekki er hætt á því, á grundvelli mats framkvæmdastjórnarinnar, að þess konar breyting dragi úr siglingavernd eða að hún samrýmist ekki löggjöf Bandalagsins. Þar að auki hefur ekkert aðildarríki farið fram á það við framkvæmdastjórnina að hún hefji þessa málsmeðferð, eða lagt fram andmæli gegn upptöku breytinganna á ákvæðum A-hluta ISPS-kóðans í viðeigandi lagagerninga Bandalagsins að því er varðar alþjóðlega sjóflutninga.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 29, 31.1.2009, bls. 53. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 84/2009 frá 3. júlí 2009 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 56, 22.10.2009, bls. 13.

(¹) Stjtið. ESB L 129, 29.4.2004, bls. 6.

6) Viðkomandi aðildarríki samþykktu samhljóða með greiddum atkvæðum/auknum meirihluta⁽¹⁾ að fella tæknilegar uppfærslur af ákvæðum ISPS-kóðans, að því er varðar skip í skilningi 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 725/2004 og útgerðarfélög þeirra, inn í II. viðauka reglugerðar (EB) nr. 725/2004.

7) Því ber að breyta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 725/2004 til samræmis við það.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 725/2004.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

I. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 725/2004 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa ákvörðun.

⁽¹⁾ Með hliðsjón af niðurstöðu atkvæðagreiðslu.

2. gr.

Að því er varðar alþjóðasjóflutninga, skv. 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 725/2004, skulu aðildarríkin, eigi síðar en 1. janúar 2009, beita að fullu breytingum á ákvæðum 1. og 2. viðbætis við A-hluta viðaukans við ISPS-kóðann, sem voru samþykktar 20. maí 2005, með ályktun siglingaöryggisnefndar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar nr. 196(80).

3. gr.

Að því er varðar sjóflutninga innanlands, eins og þeir eru skilgreindir í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 725/2004, skulu aðildarríkin, eigi síðar en 1. janúar 2009, beita að fullu breytingum á ákvæðum 1. og 2. viðbætis við A-hluta ISPS-kóðans, sem voru samþykktar 20. maí 2005, með ályktun siglingaöryggisnefndar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar nr. 196(80).

4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 23. janúar 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Antonio TAJANI

varaforseti.

VIÐAUKI

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á viðbæti við A-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 725/2004:

- Í 1. viðbæti, „Alþjóðlegt siglingaverndarskírteini“, er eftirfarandi nýrri færslu bætt við á eftir færslunni „Nafn og heimilisfang útgerðarfélags“ sem fyrir er:
„Kenninúmer útgerðarfélags“.
- Í 2. viðbæti, „Alþjóðlegt bráðabirgðasiglingaverndarskírteini“, er eftirfarandi nýrri færslu bætt við á eftir færslunni „Nafn og heimilisfang félags“ sem fyrir er:
„Kenninúmer útgerðarfélags“.